



Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland að Fjallabaki

Verk- og tímaáætlun

Febrúar 2019



UMHVERFISSTOFNUN

Forsendur

Friðland að Fjallabaki var stofnað með auglýsingu nr. 354/1979. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðminjar og landslag. Svæðið var friðlýst á grundvelli 24. gr. áður gildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd þar sem friðland var skilgreint á eftirfarandi hátt: *landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs.* Samkvæmt ákvæðum laganna var bannað að raska náttúrufari svæðanna eða spilla svip landsins.

Tilgangur friðlýsingar friðlands að Fjallabaki er að varðveita sérstök landsvæði þannig að núverandi og komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirrar náttúru- og menningarminja sem svæðið hefur upp á að bjóða. Fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra ásamt litadýrð svæðisins, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn, kyrrð og víðerni eru megininkenni friðlands að Fjallabaki. Landmannalaugar eru eitt af mest sóttu útivistarsvæðum á hálandi Íslands og þaðan liggur ein vinsælasta gönguleið landsins, Laugavegurinn. Í friðlýsingarskilmálum fyrir friðland að Fjallabaki er fjallað um dvöl manna, umferð og umgengni. Þar kemur fram að óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, s.s. skemma gróður, trufla dýralíf eða hrófla við bergmyndunum. Skilmálarnir kveða jafnframt á um að friðlýsingin haggar ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja né heimildar til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu þeirra innan svæðisins. Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki eiga sæti:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun.

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun.

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Unnin hefur verið handbók sem m.a. fjallar um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Í handbókinni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan hátt. Áætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil hvað varðar bakgrunnsupplýsingar fyrir svæðið heldur verður lögð megin áhersla á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndaráðstafanir. Nánari upplýsingar um svæðið, verndaráðstafanir og fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal skv. 81. gr. laga nr. 60/2013 m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Gert er ráð fyrir að gildistími áætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlun endurnýjuð og uppfærð. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki ljúki í lok ársins 2019.

Stjórnunar- og verndaráætlunum er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en eru staðfærðar og aðlagðar að því svæði sem áætlunin er unnin fyrir:

Aðgerðaáætlun 20xx – 20xx

1. Inngangur

- 1.1. Leiðarljós
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

2. Lýsing á svæðinu

- 2.1. Mörk svæðanna
 - 2.1.1. Tengsl við grannsvæði
- 2.2. Náttúruminjar
 - 2.2.1. Jarðminjar
 - 2.2.2. Gróður
 - 2.2.3. Dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
- 2.5. Aðgengi
- 2.6. Innviðir og mannvirki
- 2.7. Öryggismál
- 2.8. Fræðsla og kynning
- 2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

3. Markmið, stefna og leiðir

- 3.1. Svæðisskipting
- 3.2. Náttúruminjar
- 3.3. Menningarminjar
- 3.4. Landnotkun
- 3.5. Aðgengi
- 3.6. Innviðir og mannvirki
- 3.7. Öryggismál
- 3.8. Fræðsla og kynning

3.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

3.10. Rannsóknir og vöktun

4. Sérreglur um umferð og dvöl

Viðaukar

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins. Haft verður samráð við Ríkiseignir sem eru umráðaaðili lands þar sem svæðið er þjóðlenda.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlanir. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar. Eins verður stefnt að fundum með helstu hagsmunaaðilum á vinnslutíma áætlunarinnar. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning og gefst þá öllum kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

Verk- og tímaáætlun

Megin þættir við undirbúning og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki eru eftirfarandi:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur

Tími: maí – júní 2018

Unnið var að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar, haldinn fyrsti fundur samstarfshóps og lagðar voru línur fyrir áframhaldandi vinnu. Samstarfshópurinn ræddi helstu áherslur og sýn fyrir áætlunina. Samráðsaðilar voru upplýstir um að verkefnið væri hafið.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu

Tími: júní

–

september

2018



UMHVERFIS STOFNUN

Teknar verða saman bakgrunnsupplýsingar fyrir 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Einnig verður tekið saman ítarefni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla áætlunarinnar sem fulltrúar Umhverfisstofnunar senda samstarfshópi til rýni.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Tími: nóvember 2018 – apríl 2019

Opinn samráðsfundur vegna áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið, stefnu og aðgerðir. Hópurinn fundar eftir þörfum ásamt því að meta þörf á samráði við stofnanir, sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Afurð: Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunar.

Fundir með ólíkum hagsmunaaðilum, gerð hagsmunaaðilagreining.

Afurð: Samráð við hagsmunaaðila.

4. áfangi: Greining á aðgerðum

Tími: mars – september 2019

Aðgerðum sem skilgreindar eru í 3. kafla áætlunarinnar er forgangsraðað og þær tímasettar.

4. áfangi er að miklu leyti unninn samhliða 3. áfangi.

Afurð: Aðgerðaáætlun.

5. áfangi: Kynningarferli

Tími: október 2019

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland að Fjallabaki kynnt fyrir almenningi og öllum gefinn kostur á að leggja fram ábendingar og athugasemdir. Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda

Tími: nóvember 2019

Samstarfshópurinn vinnur úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki

7. áfangi: Útgáfa

Tími: desember/janúar 2019

Stjórnunar- og verndaráætlun staðfest af ráðherra, gefin út og auglýst í Stjórnartíðindum B.